



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/412
komudagur 8.11.2012

Reykjavík, 6. nóvember 2012

R12100341

175

Alþingi - nefndasvið
b.t.Kristjönu Benediksdóttur
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins 155. mál.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar fagnar áformum um að lögleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og valfrjálsar bókanir við hann. Ráðið lítur svo á að lögfesting sammingsins styrki stöðu barna og árétti að þau séu sjálfstæðir einstaklingar.

Um 6. grein

Í greinargerð kemur fram að töluverð umræða hafi orðið um 6. grein frumvarpsins. Nokkur lönd hafi valið að senda frá sér yfirlýsingu í tengslum við greinina þar sem lögð er áhersla á að efni hennar verði ekki túlkað þannig að það gangi gegn fóstureyðingum.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar leggur til að Ísland verði með yfirlýsingu um þessa grein við lögleiðingu sammingsins. Þar segi að framkvæmd laganna nr. 22/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir verði áfram þannig að 9. greinin, um það hvenær fóstureyðing sé heimil, verði túlkuð rúmt.

Um 17. grein

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar leggur áherslu á að vinna sem skjótast viðeigandi leiðbeiningarreglur um vernd barns fyrir upplýsingum og efni sem skaðað getur velferð þess sbr. e - lið 17. gr. Reglurnar taki m.a. til kláms og klámvæðingar.

Um 28. grein

Í e-lið greinarinnar segir að gera skuli ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.

Rannsóknir sýna að brottfall og erfiðleikar vegna félagslegrar aðlögunar meðal

framhaldsskólanema úr hópi innflytjenda eru meiri en annarra á Íslandi. Við þessu þarf að bregðast sérstaklega.

Um 42. grein

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar telur að öflug kynning á meginreglum og ákvæðum samningsins sé forsenda þess að hann virki sem skyldi. Veita þarf fjármunum til kynningarinnar.

Almennt

Samvinna ríkis, sveitarfélaga og grasrótahreyfinga er lykilatriði til eflingar velferðar barna. Lagt er til að komið sé á formlegu samstarfi þessara aðila til að tryggja gott upplýsingaflæði, samræmingu og samvinnu við framkvæmd samningsins. Einhver ákveðinn aðili eða stofnun þarf að bera ábyrgð á þessu samstarfi og til þess þarf að veita fjármunum. Mannréttindaskrifstofa telur að skoða eigi hvort rétt sé að setja ákvæði um þetta inn í frumvarpið.

Anna Kristinsdóttir,
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar